

**Nd.**

**58. Fyrirspurn**

til utanrikisráðherra Íslands um utanrikismál.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. Er nokkur ráðherranna skipaður af konungi ráðherra fyrir utanrikismál Íslands?
2. Eða á að skilja svo konungsúrskurð 30. desember 1924, að þar með sje stofnað sjerstakt ráðuneyti i utanrikismálum vorum, svo sem t. d. i dómsmálum og i kirkju- og kenslumálum?
3. Er þess ekki getið i brjefum frá stjórnarráðinu, t. d. með brjefhaus eða undirskrift eða hvorutveggja, hvort brjefið er frá forsætisráðuneytinu, frá dómsmálaráðuneytinu eða frá kirkju- og kenslumálaráðuneytinu? Verður þess eigi getið framvegis á sama hátt, hver brjef eru frá utanrikisráðuneytinu?
4. Verða utanrikismál eigi látin hafa sina eigin skrifstofu?
5. Eru danskir umboðsmenn Íslands i utanrikismálum handfaldir þjóðhöfðingjum?
6. Hafa þeir fengið fyrirsögn um verk sin frá utanrikisráðherra Íslands, t. d. um fánadaga, undirskrift og þ. h.?
7. Hefir stjórnin þann sið að nota danska umboðsmenn sem oftast eða sem sjaldnast?
8. Hefir utanrikisstjórn Íslands sjeð þessum mönnum fyrir islenskum þjóðtignarmerkjum, svo sem skjaldarmerkjum, fánum, stimpilmerkjum og öðru því, er sýnir að gerðir þeirra fari fram i nafni Íslands?
9. Hvernig hefir utanrikisstjórn Íslands framkvæmt 7. gr. sambandslaganna, 4. lið, og 17. gr. stjórnarskrár fyrir konungsríkið Ísland i sambandi við hann? Hvernig ætlar hún að framkvæma þetta framvegis?
10. Telur stjórnin það sæma Íslandi að fela þegnum annara ríkja sendiherra-stöður fyrir oss?
11. Ætlar stjórnin að senda sendiherra til Danmerkur? Og hvernig?
12. Telur stjórnin Dani hafa sendiherra hjer?

13. Hvers eðlis er staða fyrirhugaðs sendimanns í Miðjarðarhafslöndunum?
14. Í hverju sambandi stendur ríkisráðskostnaður við utanríkismál?
15. Hvað hefir stjórnin gert til þess að fá viðurkenning annara ríkja en Danmerkur á fullveldi Íslands með þeim hætti, sem tíðkast í heiminum, að senda sendiherra sína til þeirrar þjóðar, sem hefja á ríkjaviðskifti við?